Norrænt tengslanet
um nám fullorðinna

CC BY-SA 4.0

# 5 ráðleggingar er varða stefnumótun fyrir stafræna þátttöku

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL) kynnir fimm ráðleggingar sem styðja við þróun stafrænnar færni fullorðinna.

1



## Gera sér grein fyrir að stafræn umbreyting er alls staðar

Almenn stafræn færni er nauðsynleg forsenda þess að taka virkan þátt í samfélaginu. Færnin snýst ekki um ráða við einstakar stafrænar áskoranir heldur um að vera fær um að takast á við þær áskoranir sem fylgja stafrænu samfélagi.

### Ráðleggingar NVL um stefnu fagaiðla til að:

- Snúa athygli frá einstaklingnum sem „vandamáli“ að einstaklingnum sem „lausn“
- Snúa athygli frá einstaklingum sem takast á við sértækar stafrænar hindranir að einstaklingum sem fást við víðtækar stafrænar áskoranir

2



## Gera sér grein fyrir að stafræn umbreyting hefur áhrif á daglegt líf

Vandamál fylgja því að sumir borgarar geta ekki sinnt nauðsynlegum verkefnum daglegs lífs vegna starfrænnar umbreytingar. Hversdagslegar aðstæður – stórar sem smáar – geta átt þá í stafrænni útilokun.

3



## Búa til sveigjanlegar leiðir til þátttöku

*Ein* stærð fyrir alla er ekki lausn. Ólíkir hópar takast á við mismunandi áskoranir, allt eftir menntunarstigi, menningu og núverandi færni o.s.frv.

4



## Gera einstaklingum kleift að nota viðeigandi úrræði

Þróa ætti áætlun *með* einstaklingum til þess að leysa viðfangsefnin á þann hátt sem hentar viðkomandi einstakling og í þverfaglegu samstarfi ólíkra aðila.

5



## Skilgreina raunverulegar þarfir einstaklinga

Greina þarf áskoranir og þarfir til þess að hægt sé að skilgreina hvaða hindranir einstaklingurinn upplifir og hvernig hægt er að yfirstíga þær – og með því skapa tilfinningu fyrir tilgangi og mikilvægi.

### Um Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL) og Stafræna NVL netið (NVL Digital)

Stafræna NVL netið vinnur að því að greina norrænar áskoranir og þróa norrænar lausnir sem stuðla að námi fyrir alla í sífellt stafrænna samfélagi.

NVL vinnur að sjálfbærum samfélögum á Norðurlöndum: við stuðlum að samtengdu svæði þar sem íbúar eru virkir þátttakendur í samfélagi þar sem ríkir jöfnuður.

Lestu meira hér: *nvl.org/nvl-digital-inklusion*